

Snæfellsnes 2008

Fjölskyldan ákvað að fara helgina 14. – 17. nóvember vestur á Snæfellsnes. Þar á afi minn hús sem heitir Lágafell. Buðum við bangsanum Sveinbirni með. Við keyrðum af stað eftir vinnu hjá pabba og mömmu á föstudeginum. Þegar við komum vestur, var ákveðið að byrja á því að fara inn í Stykkishólm og sjá leiksýningu hjá leikfélaginu Grímnir.

Grímnir setti upp leikritið Jesus Christ Superstar í leikstjórn Guðjóns

Sigvaldasonar en hann er móðurbróðir minn. Okkur fannst gaman á leiksýningunni. Sveinbjörn sat stilltur allan tímann. Eftir leikritið var keyrt á Lágafell, þar gistu með okkur afi minn og amma, mamma, pabbi, Jóhannes

Bjarki 5 ára, bróðir minn og Sveinbjörn bangsi og auðvitað ég.



Við fórum strax að hátta því það var komin nótt þegar við komum á Lágafell. Allir sváfu vel. Í heimsókn til okkar kom frænka okkar sem býr á næsta bæ. Hún heitir Helga og er jafn gömul mér. Mamma

hennar og pabbi eru með garðplöntustöð þarna í sveitinni, engar kindur eða kýr. Þar á bænum eru tveir kettir, tveir hundar, páfagaukur, kanína og fimm endur. Sveinbirni fannst gaman að sjá dýrin.

Við vorum lítið úti að leika okkur því það var svo ægilega kalt úti, vorum því bara inni að spila og í „kalló“.

Fórum svo heim á sunnudeginum og komum við á Akranesi hjá ömmu Möggu. Drukkum hjá henni kakó og fengum kökur.

Allir þreyttir og ánægðir þegar við vorum komin heim.

Ég skilaði svo Sveinbirni í skólann á mánudagsmorgninum.

Matthías 5. BS

